

01.4

**NÝ ÞINGKONA:** Guðrún Halldórsdóttir sem verið hefur í forsvari fyrir Námsflokkar Reykjavíkur tekur sæti á Alþingi fyrir Kvennalistann þegar þing kemur saman í næstu viku. Í samræmi við þær vinnureglur Kvennalistans, að konur skuli ekki stíja á þingi lengur en í 6—8 ár, lætur Guðrún Agnarsdóttir nú af þingmennsku. Guðrún Halldórsdóttir skipaði fjórða sætið á lista Kvennalistans í Reykjavík við síðustu þingkosningar.



Dsp. Bl.  
2. okt. '90

MORGUNBLAÐIÐ FIMMTUDAGUR 11. OKTÓBERI

## Nýr þingmaður

**GUÐRÚN J. Halldórsdóttir** tekur sæti á 113. löggjafarþingi Alþingis. Guðrún er þingmaður Samtaka um kvennalista. Hún kemur í stað Guðrúnar Agnarsdóttur.

Guðrún Agnardsdóttir hefur verið sjötti þingmaður Reykvíkinga. Þann 28. september sl. sagði hún af sér þingmennsku, í samræmi við reglur Kvennalistans um skiptingar þingmanna og varapjingga. Kristín Einarsdóttir verður því sjötti þingmaður Reykvíkinga og Þórhildur Þorleifsdóttir verður tólfsti þingmaður kjördæmisins en Guðrún J. Halldórsdóttir tekur sæti sem átjandi þingmaður höfuðborgarinnar.

Guðrún J. Halldórsdóttir er fædd árið 1935. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1955, BA-prófi í dönsku og mannkynssögu frá Háskóla Íslands 1967. Guðrún hefur verið kennari í ýmsum menntastofnum. Einnig hefur hún gegnt trúnaðarstörfum í



Guðrún J. Halldórsdóttir.

nokkrum félögum og félagasamtökum. Síðan 1972 hefur hún verið forstöðumaður Námsflokkar Reykjavíkur.

Guðrún sagði í samtali við Morgunblaðið að áhuga- og baráttumál sín væru mörg s.s. utanríkismál, fjármál og fésýsla ríkisins, en jafnréttismál og fræðslumál væru þau mál sem hún hefði mest starfað að.